

# Reglur um úthlutun styrkja úr Starfsendurhæfingarsjóði vegna rannsóknaverkefna

## Inngangur

Úthlutun styrkja frá Starfsendurhæfingarsjóði á sér grundvöll í stofnskrá Starfsendurhæfingarsjóðs þar sem eitt af hlutverkum sjóðsins er að vinna að gagnaöflun, rannsóknnum og þróun á sviði starfsendurhæfingar. Heildarjárveiting til styrkjaúthlutunar er ákveðin árlega í fjárhagsáætlun Starfsendurhæfingarsjóðs sem samþykkt er af stjórn sjóðsins.

Tilgangur þess að úthluta styrkjum úr Starfsendurhæfingarsjóði til rannsóknarverkefna er að stuðla að aukinni fjölbreytni og framboði úrræða í starfsendurhæfingu á Íslandi og þróun þeirra. Sérstök áhersla er lögð á að styrkja verkefni sem styðja við markmið og verkefni Starfsendurhæfingarsjóðs.

## Markmið og áherslur

Markmið með rannsóknnum sem sjóðurinn styrkir eru að auka þekkingu á starfsendurhæfingu á Íslandi, meta árangur af vinnuferlum og úrræðum í starfsendurhæfingu ásamt því að vinna almennt að rannsóknnum og fræðaskrifum sem hafa gildi fyrir þróun starfsendurhæfingar á Íslandi.

Við mat á verkefnum sem njóta styrkja skal farið eftir faglegu gildi og notagildi verkefna fyrir Starfsendurhæfingarsjóð. Eftirfarandi atriði vega þungt við mat á styrkumsóknnum.

- Verkefnið miði að vel skilgreindum ávinningi fyrir starfsendurhæfingu á Íslandi.
- Verkefnið stuðli að uppbyggingu á faglegri þekkingu og reynslu í starfsendurhæfingu.

Verkefnið þarf að vera vel skilgreint faglega og tímaáætlun rökstudd. Einnig er nauðsynlegt að umsækjendur sýni fram á vísindalega hæfni sína og nægilega góða aðstöðu til þess að vinna fyrirhugað verk.

## Ýmis skilyrði

Starfsendurhæfingarsjóður fer fram á að í umsókn um styrk komi fram ítarleg aðferðalýsing þar sem hugmyndir og skipulag rannsóknar er sett upp þannig að allir þættir eru sýnilegir og skiljanlegir. Skilyrði fyrir styrkveitingu eru einnig að viðeigandi siðanefndir og Persónuvernd hafi veitt leyfi þar sem það á við.

Styrkþegar skulu afhenda Starfsendurhæfingarsjóði framvinduskýrslu ef þess er krafist og afrit af rannsóknaskýrslu/skýrslu að verkefni loknu. Þeir skulu jafnframt kynna niðurstöður fyrir starfsmönnum, framkvæmdastjórn og stjórn Starfsendurhæfingarsjóðs ef þess er óskað.

## Umsóknir og ákvörðun

Umsóknir um styrki skulu berast á formlegan hátt til framkvæmdastjóra Starfsendurhæfingarsjóðs. Þar skal gerð grein fyrir því verkefni sem um ræðir og lagður fram rökstuðningur fyrir styrkveitingu.

Við mat á verkefnum sem njóta styrkja skal farið eftir faglegu gildi og notagildi verkefna fyrir Starfsendurhæfingarsjóð.

Ákvarðanir um styrkveitingar eru teknar af framkvæmdastjórn Starfsendurhæfingarsjóðs að fenginni umsögn frá sérfræðingum sjóðsins.

## Fjárhæðir

Heildarfjárhæð til styrkjaúthlutunar er ákveðin árlega af stjórn sjóðsins. Einstakar styrkfjárhæðir skulu vera á bilinu 100 til 600 þúsund allt eftir eðli verkefna. Hver einstakur styrkur skal að jafnaði ekki nema hærri fjárhæð en 600 þúsund krónum. Heimilt er þó að veita hærri styrki en 600 þúsund ef verkefnið er þess eðlis að niðurstaða þess geti aukið verulega árangur í starfsemi sjóðsins eða stuðlað að aukinni hagkvæmni í rekstri hans.

## Afhending styrkja

Styrkur frá Starfsendurhæfingarsjóði er greiddur út í tveimur áföngum. Við afhendingu styrksins er greiddur út fyrri helmingur hans og seinni helmingur við skil á þeim hluta sem styrkurinn náði til, áfangaskýrslu eða við skil lokaskýrslu verkefnis. Til að fá seinni helminginn greiddan þarf styrkhafi að senda tilskilin gögn til Starfsendurhæfingarsjóðs. Framkvæmdastjóri Starfsendurhæfingarsjóðs hefur umsjón með styrkgreiðslum.

## Endurgreiðsla

Verði ekki af verkefni eða því ekki lokið af einhverjum ástæðum innan þess tíma sem gert var ráð fyrir skal styrkþegi gera Starfsendurhæfingarsjóði grein fyrir ástæðum og endurgreiða þann hluta styrksins sem ekki hefur verið notaður til verkefnisins.

Ef gögnum vegna seinni hluta styrks hefur ekki verið skilað 2 árum eftir áætluð verkefnislok og Starfsendurhæfingarsjóði hefur ekki verið gerð grein fyrir ástæðunni fellur styrkurinn niður.

Reglur þessar voru samþykktar af stjórn Starfsendurhæfingarsjóðs 8. október 2009 og taka gildi frá og með 1. nóvember 2009.